

Fundur 8.5.2023 Silla Mjöll dó í fíkn.

Góða kvöldið, komið þið sælir.

*Góða kvöldið.*

Ætla ég ekki að vera lengi, en mjög óvön, þori ekki að tjá mig að fullu, ég hef lifað svo góðu lífi hér og á svo mörgu fólki að þakka að, féll aðeins einu sinni, frá því að ég kom hingað yfir og hef unnið mikið gagn og hef fundið mig í félagsstarfi og stjórnmalastarfi.

Ég þori að leggja líkama minn og anda í hættu í baráttunni fyrir bættum heimi og svo margt sem ég skil miklu betur og er í andstöðu við stjórnmalaskoðanir foreldra minna.

Og ég trúði því ekki þegar ég kom á þessa jörð að ég væri alveg eins, og ég fékk ekki að tala við Guð og Jesú eins og segir í trúarbrögðunum en talaði við ættingja mína og ég fékk að kynnast öflugri hópum sem ég er sammála.

Og ég finn ekki lengur þörfina fyrir vímunu og féll bara einu sinni og þegar ég hef lennt í freistingum hafa vinir mínir komið mér til hjálpar.

Og þau þekkja sál mína og hugsanir betur og hér er margt svo stórkostlegt, ég er búinn að vera hér svo lengi og það eru alltaf svolitlar hættur og það finnst mér bara meira spennandi.

Og við viljum efla okkar þjóð og leyfa okkar þjóð að blómstra og vil ég tjá það hvað ég er hissa á öllum þessum aðstæðum og hvað þetta líf hefur komið mér skemmtilega á óvart.

Íslensk kona, ég var ekki gömul þegar ég féll frá, var í vímuefnum og vil segja pabba og mömmu að ég elski þau og öllum í samfélaginu og ég get ekki verið lengur, ég er ekki að falla lengur, laus við efnin, en hér eru margir vinir mínir sem lenda í hættu.

Ég ætla nú að kveðja.

*Getur þú sagt nafnið þitt?*

Var kölluð Silla Mjöll, næ ekki alveg, mér þykir vænt um ykkur öll, ég sakna jarðarinnar og ég vil segja pabba að biðja þá afsökunar sem særðust á deilum og bið Íslendinga að sameinast í stjórnmálunum.

Ég kem kannski síðar, verið þið sælir.

*Vertu blessuð og vertu velkomin aftur.*

Þakka ykkur fyrir.